

Foreldrafundur 10 nóvember 2009

Fundur hefst 20:30

Mættir eru:

Lóa Björk Óskarsdóttir

Hildur Jónsdóttir

Sveinn Ásgeir Jónsson

Ása Berglind Hjálmarsdóttir

Ingólfur Hjálmarsson

Efni fundar: 1. Jólafondur

2. Önnur mál: Eldsmiðja, skólaráð, fundur Lóu með Hörpu.

1. Jólaföndur: Ákveðið var að hafa Jólaföndur **þriðjudaginn 24 Nóvember frá kl. 17-20 á Stað**. Á jólaföndrinu á að vera

1. Skreyta piparkökuskreytingar

2. Ljósker úr glerkrukkum eins og Kolla var með í fyrra.

3. Mála og skreyta ramma sem keyptir yrðu í Ikea.

4. Sykurmolaljósker.

Einnig var ákveðið að hafa kaffihúsastemningu eins og í fyrra en að fá 10 bekk til að aðstoða gegn þóknun (fá hlut af ágóða). Hringt verður í tengla til að fá þá til að baka skúffukökur/pönnukökur og piparkökur. Einnig að gott væri ef þeir kæmu og legðu okkur lið á jólaföndursdaginn

Sveinn ætlar að sjá um innkaup á súkkulaði (2 ½ kíló), mjólk (25 lítrar), rjóma (2 ½ lítrar) og tala við fyrirtækið Kötlu um glassúr á piparkökurnar, kaffi. Sveinn ætlar einnig að sjá um jólatónlist og fá einhvern af eldri nemendum til að vera D.J.

Hildur ætlar að halda utan um jólaföndrið, sjá um að allt sé til staðar og ekkert vanti og undirbúa sykurmolaljóskerin, gera tilraunir heima hvernig best sé að líma sykurmolana saman og fá Hrefnu dóttur sína til að sjá um sykurmolana.

Lóa ætar að panta Stað, tala við Kollu, ath. Með brúsa fyrir glassúr (það þarf að vera töluvert meira heldur en í fyrra) og síðan að tala við Þóru hvort hún geti ekki séð um rammadeildina.

Ása Berglind ætlar að hringja í alla tengla og setja þá í verkefnin. (baka, mæta á staðinn)

Einnig var ákveðið að mæta 15:30 á Stað til að byrja undirbúa

Ingólfur ætlar að sjá um að gera Kakó, standa yfir því og stýra uppvaski.

Ekki var ákveðið hvað Helga Sif ætti að gera.

Foreldrafélagið ætlar að vera í mailsambandi og ef þörf þykir þá hittast að viku liðinni.

2. Ragnar smíðakennari kynnir verkefni sem hann er að fara á stað með í smíði. Hann er að byggja upp eldsmiðju og sýndi foreldrafélaginum nokkrar myndir af því hvernig hann og nokkrir nemendur gerðu viðarkol (sem notuð eru í eldsmiðju). Hann sýndi foreldrafélaginu hvernig ofn hann hefur í hyggju að láta búa til fyrir sig. Foreldrafélagið er reiðubúið að hjálpa Ragnari annað hvort fjárhagslega eða að fá einhvern til að gera ofninn fyrir Ragnar. Ása Berglind talaði um að maðurinn hennar gæti jafnvel búið til ofninn fyrir Ragnar. Einnig sagðist Ingólfur hafa einhverja kunnáttu. Ekki var rætt um hvernig framhaldið yrði.

Lóa segir frá fundi sínum með Hörpu. Harpa var mjög ánægð með að foreldrafélagið ætlaði að skrifa opið bréf til skólans. Harpa ætlaði að koma með nokkra punkta fyrir Lóu, sem hún ætti að fá bráðum. Harpa sagði að stefna skólans varðandi heimili og skóla lægi í nemendasamningum þar sem foreldrar, kennari og nemandi hittust 3. á ári og málin rædd.

Harpa sagði að skólinn hefði lagt af að hafa skólasýningar vegna samkeppninnar á milli barnanna. Foreldrafélagið sér skólasýningu þó frekar sem markmið fyrir krakkana til að keppa að og þurfi alls ekki að vera samkeppnimiðað heldur miðað að því að gera skólastarfið sýnilegt fyrir foreldrum og samfélagi. Voru allir spenntir fyrir því að foreldrafélagið beitti sér áfram fyrir þessu. Lóa sagði líka að átak hefði verið gert í skólanum vegna þess að sprautur hefði fundist á Eyrarbakka. Löggan hefði mætt og haldið fyrirlestur og kennarar hefðu verið með forvarnarátak.

Sveinn segir frá foreldraráðsfundi sem var fyrir ca. viku. Hann skoðaði nýju skólabygginguna og var mjög ánægður, frábært útsýni, stórir og góðir gluggar og þægilegt andrúmsloft. Hann var mjög óánægður með aðstöðu skólavistarinnar sagði að þetta væri 25 fermetra herbergi fyrir 25 nemendur sem væri út í hött. Vegna plássleysis á Eyrarbakka er umræða um hvort 6 og 7 bekkur yrði áfram á Stokkseyri þangað til að nýji skólinn á Eyrarbakki yrði tilbúinn. Einhverjar umræður eru um útfærslumöguleika. Einnig var rætt um mötuneytismál sem eru í ólestri, of lítill matur og krakkarnir óánægðir. Sveinn minntist á fyrirkomulagið í Þorlákshöfn sem væri miklu betra.

Ástæða fyrir að sérkennari væri ekki við skólann væri vegna þess að enginn sérkennari hefði sótt um stöðuna.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl: 10:00